

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á nokkrum fundum og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hlutinn mæla með samþykkt frumvarpsins, eins og það er. Fyrsti minni hl. nefndarinnar (KK) mun skila séráliti, en annar minni hluti æskir allmargra breytinga á frumvarpinu og flytur tillögur um þær á sérstöku þingskjali.

Það er athyglisvert, að þetta stjórnarfrumvarp er ekki byggt á neinni heildar-endurskoðun tryggingalaganna, heldur styðst það að mestu við athugun nefnda á vissum atriðum aðeins tveggja kafla laganna af fimm. Önnur þessara nefnda var skipuð á miðju ári 1958 og falið að athuga möguleika á hækkun bóta lífeyristrygginganna, en hin nefndin var skipuð í ársbyrjun 1959 til þess að gera tillögur um hækkun slysabóta. Báðar skiluðu álit, og er frumvarp það, sem hér er til athugunar, byggt á því í meginatriðum.

Engin sérstök endurskoðun fór fram á kaflanum um sjúkratryggingar né á I. og V. kafla laganna, og nákvæm athugun annarra ákvæða en bótaupphæða tveggja kafla var hvergi gerð á lögnum. Gætir þessara handahófskenndu vinnubragða allmjög í frumvarpinu, þótt hvergi komi þau skýrar í ljós en í ákvörðun sjúkradagpeninga. *Hefur svo óheppilega til tekizt við þann slumpareikning, að heimilt verður að greiða minni sjúkradagpeninga, eftir að frumvarpið verður samþykkt, en nú er leyfilegt.* Lágmarksupphæðin er með öðrum orðum lægri í frumvarpinu en sú, sem nú er í gildi. Ber að víta slík vinnubrögð, ekki sízt þegar um jafnvíðkvæmt mál er að ræða og tryggingabætur eru.

Allir munu sammála um, að hækkun tryggingabóta sé brýn nauðsyn og hafi verið um langt skeið. Þær voru of lágar í upphafi, og síðan hafa þær þó rýrnað mikið. Kaupmáttur verkamannalauna er minni nú en 1947, en þó hefur kaupmáttur tryggingabóta minnkað miklu meir á sama tímabili. Þannig hefur, svo að dæmi sé nefnt, dagvinnukaup verkamanna hækkað um 155% frá janúar 1947, en slysdagpeningar einstaklinga aðeins um 80% og hjóna um 108%. Svipuð er útkoman, ef gerður er samanburður á bótaupphæðum hér og annars staðar á Norðurlöndum. T. d. nemur ellilífeyrir hér á landi aðeins 17% af launum verkamanna, en í Danmörku er hann 30.2% og í Svíþjóð 35% af launum verkamanna.

Flestar þær bótahækkanir, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu, eru drjúg spor í átt til leiðréttingar á því ranglæti, sem bótaþegar eiga við að búa. Er þá miðað við verðlag eins og það var, áður en efnahagsráðstafanir núverandi ríkisstjórnar fóru að segja til sín. Má sem dæmi nefna, að samkvæmt frumvarpinu hækkar ellilífeyrir einstaklinga úr 17% af verkamannakaupi upp í 28.8%, og er þá farið að nálgast hlutfallstölurnar í Danmörku (30.2%) og í Svíþjóð (35%). *Það gildir um þessa hækkun ellilífeyrisins sama og um flestar aðrar hækkanir frumvarpsins, að þær eru sómasamlegar því aðeins, að þær hverfi ekki strax í hit vaxandi dýrtíðar.*

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni kjaravernd bótaþeganna, og er það illa farið, því að mikil dýrtíðaraukning er nú fyrirsjáanleg. Ef kjarabæturnar eiga ekki að renna fljótlega út í sandinn, er því nauðsynlegt, að allar bótagreiðslufjárhæðir tryggingalaganna, eins og þær eru ákveðnar í frumvarpinu, verði grunnupphæðir, sem greiddar verði verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Í tryggingalögnum er fleira ranglætt í garð bótaþega en bæturnar sjálfar, og hefði þurft að kippa einhverju af því í lag, um leið og aðrar veigamiklar breytingar voru gerðar. Skerðingarákvæði 22. gr. laganna ættu þannig að hverfa sem fyrst. Þau eru úrelt og áttu aldrei að gilda nema fá ár, en þó dregst stöðugt úr hömlu að afnema þau. Þessi ákvæði eru bótaþegum til tjóns og raunar að ýmsu leyti viðsjál í félagslegu tilliti.

Þá er skipting landsins í tvö verðlagssvæði orðin á eftir tímanum. Kaupgjald hefur jafnast mikið í landinu síðari árin, og mismunandi verðlag mun heldur ekki réttlæta skiptinguna lengur. Það er þess vegna ekki grundvöllur fyrir því, að menn greiði mishá iðgjöld og njóti mishárra tryggingabóta eftir því, hvar þeir búa á landinu, og fyllilega tímabært, að ákvæðið um tvö verðlagssvæði verði numið úr gildi.

Sú breyting á fjölskyldubótum er ráðgerð í frumvarpinu að greiða þær með hverju barni, einnig fyrsta og öðru. Mun ráðabreytni þessi sprottin af ótta ríkis-

stjórnarinnar við mikla lífskjaraskerðingu sem afleiðingu aðgerða hennar í efnahagsmálum. Sé gert ráð fyrir því, að lágláunamaður í fullri atvinnu beri á komandi mánuðum og árum svo lítið úr býtum, að ekki nægi til framfæris honum, konu hans og einu barni, þá er nefnd breyting á fjölskyldubótum eðlileg og sjálfsögð. Allar horfur eru á, að ótti ríkisstjórnarinnar sé ekki ástæðulaus og því þörf á þessari breytingu, hvort sem menn vilja kalla hana neyðarráðstöfun eða eitthvað annað.

Nokkrar breytingartillögur flyt ég við frumvarpið, og eru þær birtar á öðru þingskjali. Eru helztar þeirra efnislega á þessa leið:

1. Sjúkradagpeningar standi ekki í stað, heldur hækki eins og aðrar bætur.
2. Skipting landsins í tvö verðlagssvæði verði afnumin.
3. Skerðingarákvæði 22. gr. verði numin úr gildi.
4. Hjón fái ellilífeyri sem tveir einstaklingar.
5. Réttur til örorkulífeyris verði hinn sami, hvort sem örorkan er af völdum slyss eða sjúkdóms.
6. Slysa- og sjúkradagpeningar skulu greiddir fyrir öll börn í fjölskyldu.
7. Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum án undantekningar.
8. Allar bótagreiðslufjárhæðir laganna skulu vera grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Fyrir þessum tillögum svo og nokkrum öðrum, er ég flyt, mun ég gera nánari grein í framsögu.

Alþingi, 29. marz 1960.

Alfreð Gíslason, læknir.